

Nd. 354. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

1. málslíður 24. gr. laganna orðist svo:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og enn fremur orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á 103. löggjafarþingi 1980—81 en varð ekki útrætt.

Frumvarpið er nú flutt aftur í því formi, sem var á því eftir 2. umræðu í efri deild, en þar var gerð svohljóðandi breyting að í stað orðanna í 1. gr. „orlofsheimili í eigu stéttarfélaga, launþega eða starfsmannafélaga“ komi „orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi“.

Að öðru leyti fylgdu frumvarpinu svohljóðandi athugasemdir. Bent er á að fjárhæðir í frumvarpinu miðast við fyrra myntkerfi:

„Frumvarp þetta er flutt til efnda því fyrirheiti, sem ríkisstjórnin gaf í sambandi við launakjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, að ríkisstjórnin myndi á yfirstandandi Alþingi leggja fram frumvarp til laga um breyting á vegalögum, þess efnis að orlofshúsnæði verkalýðsfélaga yrðu undanþegin gjaldi því, sem um ræðir í frumvarpi þessu.

Ekki er unnt að segja nákvæmlega, hve mikið tekjutap sýsluvegasjóðanna yrði af frumvarpi þessu, ef að lögum verður. Veldur því einkum óvissa um til hve margra orlofsbústaða undanþága frumvarpsins nær. Við vegalagabreytingu 1975 var talið, að sumarþustaðir væru 2522, en fjöldi orlofsheimila launþegasamtaka og landssamtaka launþega var ekki áætlaður sérstaklega. Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir fjölda þessara orlofsheimila en talið er að þau séu á bilinu 250—500.

Ef miðað er við hærri töluna, og greitt sé lágmarksgjald, sem á þessu ári er 24 800 kr., er ljóst að af 500 húsum yrði skatturinn 12 400 000 kr., en á móti því greiðir ríkissjóður 250%, og yrði því tekjumissir sýsluvegasjóðanna alls 31 millj. kr. á ári, náí þessi breyting fram að ganga.

Tekið skal fram að kostnaður sýsluvegasjóða við þá vegi, sem beinlínis hafa verið lagðir vegna þessara orlofshúsaiverfa, hefur yfirleitt verið hverfandi hingað til og í flestum tilvikum enginn, þar sem vegir milli eldri umferðaræðar og húsaiverfa þessara hafa oftast verið lagðir af byggjanda og á hans kostnað, en síðar að byggingu lokinni sótt til sýslunefndar um, að þeir væru teknir í tölu sýsluvega og það þá gert.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.“